

20. júní 2020

Spurningar til að fara yfir með sveitarstjórum á vinnufundi samráðsteymis sveitarfélaga vegna efnahagsáhrifa í kjölfar Covid-19.

Markmið verkefnis

Greina áskoranir sem sveitarfélög standa frammi fyrir vegna kórónuveirunnar Covid-19 og kanna með hvaða hætti sveitarfélögin hafa nýtt sér þau úrræði sem stjórnvöld hafa sett fram.

Lýsing verkefnis

Myndað verður þriggja manna teymi sérfræðinga samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, Byggðastofnunar og landshlutasamtaka sveitarfélaga. Skoðað verður sérstaklega hvernig sveitarfélög hafa nýtt úrræði í mótvægisáðgerðum sem ríkisstjórnin hefur sett fram vegna kórónaveirunnar Covid-19 og skoða til hvaða sértæku ráðstafana sveitarfélögin sjálf hafa gripið til. Teymið mun greina áskoranir sveitarfélaga og stöðu og taka saman hugmyndir sveitarfélaganna að áðgerðum til viðspyrnu til skemmri og lengri tíma.

Hlutverk samráðsteymisins er að skoða úrræði er snúa að atvinnumálum, menntamálum og samfélagsmálum og skoða tækifæri til að fara í nýsköpunarverkefni, svo sem tengdum byggðaáætlun eða öðrum fjármögnuðum áðgerðum stjórnvalda sem væri hægt að tengja við. Greiningarhópur um fjármál sveitarfélaga vinnur að því að greina fjárhagsstöðu sveitarfélaga og fjárþörf þeirra vegna almenns reksturs.

1. Hvernig er staða íbúa í ykkar sveitarfélagi, hvernig hefur ástandið komið við samfélagið? Atvinnuleysi hefur aukist mikið, í janúar og febrúar voru atvinnuleysistölur 2% en ruku upp í mars mánuði eða upp í 10,4% og þá stærsti hlutinn í hlutabótaleið. Í apríl var atvinnuleysi 22,6%, maí 18,6% og áætlað 14% í júní. Af þessum eru í kringum 100 á almennri atvinnuleysisskrá eða frá 23-33% af heildinni.

Mikil uppbygging hefur verið í ferðapjónustu á svæðinu og því er höggið lang stærst þar. Þar eru einnig mikið af smáum fjölskyldufyrirtækjum sem eru viðkvæm fyrir sveiflum sem þessum. Fyrirtæki eru að reyna sitt besta til að ná Íslendingamarkaðnum en þar hefur fjarlægð frá Reykjavík áhrif og einnig veðurfar. Eitthvað kropp er í afþreyingu og gistingu en mjög lítið af ferðamönnum miðað við hefðbundið árferði.

2. Hvaða Covid-19 mótvægisáðgerðir ríkisstjórnarinnar hafið þið nýtt ykkur? Sveitarfélagið hefur ráðið inn mikið af sumarstarfsfólki, í fyrstu umferð fengum við úthlutað 9 störfum en fengum þeim fjölgað í 14 eftir að hafa haft samband við Vinnumálastofnun og aftur nú um 3 störf til viðbótar. Við erum að fullnýta það úrræði. Stofnanir á svæðinu sóttu um í Nýsköpunarsjóð námsmanna en fengu engin verkefni í gegnum hann. Fleiri stofnanir fengu úthlutað frá VMST sumarstörfum fyrir nema, veit ég af a.m.k. 4 nenum. Mun fleiri hafa sótt í vinnuskólann nú miðað við undanfarin ár. Þetta hefur nýst mjög vel. Einn starfsmaður hefur verið ráðinn inn tímabundið á styrk frá Vinnumálastofnun. Þar sem atvinnuleysi er nýtilkomið eru ekki margir sem uppfylla skilyrði VMST um með greiðslur. Þessum starfsmönnum hefur verið komið fyrir inn á skrifstofur annarra starfsmanna og þeim hefur einnig fylgt tölvukaup.

Aðrar aðgerðir sem nýtast vel eru t.d. niðurfelling á vsk vegna framkvæmda. Við munum sækja í fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna framkvæmda í húsnæði sem mun hýsa málefni fatlaðra. Einnig munum við sækja í sjóð ríkisstjórnarinnar varðandi niðurgreiðslur tengt fráveituframkvæmdum sem nú standa yfir í sveitarfélaginu.

Fleiri úrræði koma inn á svæðið í gegnum Vatnajökulsþjóðgarð s.s. fjármagn til uppbyggingu innviða í þjóðgarðinum, þar er þörf fyrir mikla uppbyggingu bæði í Skaftafelli og við Jökulsárlón. Einnig er þörf fyrir uppbyggingu vega í tengslum við fjölsóttar náttúruperlur m.a. frá þjóðvegi að jöklum sem liggja innan þjóðgarðs.

3. Eru einhver Covid-19 úrræði sem þið hafið misst af því að sækja í?

Veit það ekki, höfum áhyggjur af erlendu íbúunum sem hafa misst vinnuna í ferðaþjónustunni, líklega þyrfti að setja sér verkefni af stað fyrir þá, t.d. átak í íslenskunámi o.fl. Erum með starfsmann í 50% stöðu í málefnum íbúa af erlendum uppruna sem hefur of lítinn tíma til að sinna því sökum anna í öðrum störfum tengt barnaverndarmálum. Með betri mönnun væri hægt að sinna verkefninu betur en fjármagn leyfir það ekki.

Einnig eru ýmis úrræði hjá Félagsmálaráðuneytinu sem við vitum af en hafa ekki verið útfærð ennþá. Við bíðum átekta.

4. Teljið þið mikilvæga þætti vanta í mótvægisáðgerðir ríkisstjórnarinnar?

Setja af stað rannsóknir, nýsköpunarverkefni sem gætu unnist hjá stofnunum t.d. í Nýheimum þekkingarsetri. Þar er klasastarfsemi nokkurra stofnana sem getur komið að ýmsum rannsóknum eða nýsköpunarverkefnum. Þar er til dæmis mikil sérstaða í rannsóknum tengt ferðamálum ásamt umhverfis- og náttúruvernd. Sú starfsemi hefur svigrúm til að stækka og víkka út starfsemi.

Sveitarfélagið er að styrkja Rannsóknarsetur HÍ til ráðningar verkefnastjóra til að sinna 2 sumarnemum sem munu sinna rannsóknarverkefnum tengt ferðaþjónustu og Covid, hægt er að vinna frekar verkefni á því sviði. Hér er öflugt Fablab sem hægt er að styrkja enn frekar með verkefnum eða nýta til náms. Forstöðumaður þess hefur verið fenginn til að kenna í HÍ og HR um kennsluáðferðir í fjarnámi, hann hefur einnig kennt í Fablab akademíunni. Það eru tækifæri í breytingum hjá Nýsköpunarmiðstöð, mögulega væri hægt að nýta fjármagn sem nú þegar er sett þangað víðar á landsbyggðinni. Ráðning starfsmanns af erlendum uppruna er ein hugmynd sem tengir betur starfsemina bæði í Nýheimum og Fablab, við íbúa af erlendum uppruna og getur þá sinnt ráðgjöf til erlendra íbúa og tekið þátt í rannsóknum og nýsköpun.

5. Hvaða sértæku úrræði hefur sveitarfélagið sett í gang vegna Covid-19?

Sveitarfélagið hefur gripið til úrræða s.s. frestun á fasteignagjöldum, ráða inn sumarstarfsmenn, heldur áfram þeim framkvæmdum sem áður voru samþykktar í fjárhagsáætlun, styrkt Rannsóknarsetur HÍ á Hornafirði með ráðningu verkefnastjóra til að vinna að rannsóknum á Covid og ferðaþjónustu. Sveitarfélagið hefur einnig sett auka

fjármagn í markaðsmál tengt ferðaþjónustu til að draga að ferðamenn íslenska sem og erlenda. Gerður var samningur við auglýsingastofu til ráðgjafar í markaðssetningu.

6. Tekur Sveitarfélagið þátt í fjármögnuðum aðgerðum með ríkinu, ráðuneytum eða stofnunum s.s. Tengdum Byggðaáætlun (sóknaráætlun), Ferðamálaáætlun, Norðurslóðaáætlun eða öðru slíku? Sveitarfélagið er með tvo styrki í gangi frá uppbyggingarsjóði Ferðamannastaða og er að undirbúa þau verkefni. Það eru einu aðgerðir frá ríkinu sem unnið er að. Nauðsynlegt er að fylgja betur eftir áfangastaðaáætlun ferðamannastaða nú þegar hún er fullunnin, en hluti þess er í tengslum við áðurnefnda styrki. Markmiðið er að fjölga "seglum" sem draga að ferðamenn og þannig draga úr átroðningi á vinsælum áfangastöðum og hvetja ferðamenn til að dveljast lengur í sveitarfélaginu. Unnið er að uppbyggingu gönguleiða og stíga innanbæjar og í dreifbýli.

- Náttúrustofa Suðausturlands er með í vinnslu gerð samnings um vöktun náttúruverndarsvæða, því fylgir mögulega 6-7 m. kr. Þau búa yfir mannauð sem getur tekið að sér frekari vöktun vegna loftslagsbreytinga á jökla, vötn og fuglalíf svo dæmi sé tekið.
- Matvælasjóður Íslands, þangað verður hægt að sækja fjármagn til dæmis í rekstur þjónustuláturhús en Sláturfélagið Búi er með í undirbúningi verkefni tengt þjónustuláturhúsi og afurðasölu beint á veitingastaði eða á heimamarkað. Hefur sláturfélagið fengið styrki frá Framleiðnisjóði og SASS til þess.
- Í aðgerð byggðaáætlunar - A.05 á að auka fjarheilbrigðisþjónustu almennt og innleiða velferðartækni í stórauðnum mæli. Sveitarfélagið Hornafjörður fékk nýsköpunarstyrk á árinu sem miðar að því að innleiða Memaxi tölvuforritið í þjónustu við fatlaða og aldraða og aðra sem þurfa á heimaþjónustu og heimahjúkrun að halda. Styrkurinn var að fjárhæð 750.000 kr. Og nýttist við að fá ráðgjöf við að vinna verklag og vinnureglur við innleiðinguna og aðstoð við innleiðingu. Aukið fjármagn inn í þetta verkefni gæti fært okkur hraðar að því marki að innleiða verkefnið.
- Nýsköpun er mikilvæg á tímum efnahagsþrenginga. Frá 2012 hefur Sveitarfélagið Hornafjörður lagt mikinn metnað í tækja- og þekkingar uppbyggingu í Fab Lab. Nú er staðan orðin sú að starfsmaður Fab Lab Hornafjarðar ver miklum tíma í kennslu og ráðgjöf við samstarfsnet Fab Lab smiðjanna á landsvísi og vegna Fab Academy, sem er diplómanám í stafrænni framleiðslutækni. Með þessu hefur Sveitarfélagið Hornafjörður lagt fram endurgjaldslaust mikilvægt framlag til nýsköpunar í landinu.

Mikilvægt er að stjórnvöld átti sig á því að uppbygging og þróun tækni og nýsköpunar krefst þess að til staðar sé ákveðinn starfsmaður sem hefur það hlutverk að hafa yfirsýn yfir frumkvöðla- og nýsköpunarstarsemi á afmörkuðum búsetusvæðinu eins og í Hornafirði. Hann þarf að hafa aðsetur í byggðakjarna eins og Höfn, vera í virkum tengslum við samfélagið og afla og halda utan um upplýsingar um frumkvöðla og nýsköpunarverkefni á afmörkuðu svæði (ekki í heilum landshluta). Hlutverk hans væri einnig að tengja saman fólk og fyrirtæki sem geta unnið saman, sjá til þess að framboð á fræðslu og upplýsingum sé deilt og að búa til umgjörð sem hvetur til skapandi samskipta og samtala um nýsköpun, skapandi deiglu. Starfsmaðurinn ætti heima undir hatti þekkingarsetranna og þarf að vinna náið með Fab lab smiðjum, atvinnulífínu og

stofnunum tengdum nýsköpun. Þar sem búið er að taka ákvörðun um að leggja Nýsköpunarmiðstöð niður er mikilvægt að opinber stuðningur ríkisins til nýsköpunar á landsbyggðinni skili sér í framlagi til þess að hægt sé að halda úti slíkri stöðu innan þekkingarsetranna.

- Í byggðaáætlun áhersla á sjálfbæra þróun byggða um land allt. Í lið e er fjallað um þjónustu við innflytjendur.

e. Þjónusta við innflytjendur verði aukin og skilyrði þeirra til aðlögunar bætt vegna mikillar fyrirsjáanlegrar fjölgunar þeirra á næstu árum. Mikilvægt er að stórefla íslenskukennslu fyrir börn í leik- grunn- og framhaldsskólum sem og kennslu í móðurmáli þeirra. Á landsbyggðinni er ekki hægt að bjóða upp á móðurmálskennslu í fjölmörgum tungumálum. Þess vegna er nauðsynlegt að stórefla framboð í fjarkennslu. Mikill hluti fólks af erlendum uppruna sem flytur til landsins hefur einhverja fagmenntun en fær ekki störf í samræmi við þá menntun. Bæði er menntunin ekki metin á íslenskum vinnumarkaði og eins þarf að gera kröfur um að fólkið læri íslensku og framboð á kennslu stóraukið til þess að gera þeim það kleift. Íslenskukennslu þarf að tengja við vinnumarkaðinn þannig að fólki sé gert kleift að stunda nám á vinnutíma og að það tengist í byrjun starfi þeirra. Mikilvægt er að innflytjendur fái sem fyrst upplýsingar og fræðslu um þá samfélagsgerð sem þeir eru að flytja inn í.

Ríkið, sveitarfélög og vinnumarkaðurinn þarf að skipuleggja framkvæmd slíkrar fræðslu og skilgreina ábyrgð hvers og eins ásamt því að samræma framkvæmdina. Þessi námskeið eru til hjá símenntunarmiðstöðvum um allt land en gera þarf átak í því að innflytjendur taki þátt og geti nýtt sér þau.

7. Hefur sveitarfélagið látið unnið þarfagreiningu vegna áskorana sem voru/eru og gæti nýst við að leggja til aðgerðir til viðspyrnu? Það hefur ekki verið gert, ekki mannaður hjá sveitarfélaginu til að vinna þarfagreininguna eins og staðan er nú en full þörf á.

8. Búist þið við brottflutningi úr sveitarfélaginu? Við eigum ekki von á því nema þá helst einstaklingar sem finna vinnu annars staðar. Undanfarin ár hefur íbúum fjölgað umfram væntingar í aðalskipulagi. Sveitarfélagið hefur dregið til sín ungt fólk sem sér nú ástæðu til að flytjast aftur heim vegna aukinnar fjölbreytni í störfum tengt ferðaþjónustu. Vari ástandið lengi er fyrirséð að íbúar munu flytjast þangað sem atvinna er til staðar. Sem dæmi hefur íbúum í Örnæfum fjölgað einna mest hlutfallslega og er það m.a. vetrarferðamennsku að þakka.

Eitthvað af starfsfólki úr ferðaþjónustu er að ráða sig aftur í grunnskólann. Færri erlendir starfsmenn koma til tímabundinna starfa í ferðaþjónustunni í sumar sem mun hafa áhrif á útsvarstekjur. Eigum ekki von á að erlendir íbúar flytjist frá Höfn þ.e. þeir sem eiga rétt á atvinnuleysisbótum og hafa húsnæði.

9. Hvernig er staðan hjá ríkisstofnunum (ef einhverjar eru) í ykkar sveitarfélagi? Rekstur hjúkrunarheimilis er þungur og er baggi á sveitarfélaginu sérstaklega nú þegar reksturinn þyngist, nauðsynlegt er að ríkið tryggi betur þann rekstur

með réttmætu fjárframlagi. Sveitarfélagið hefur sagt upp þjónustusamningi við SÍ um reksturinn þar sem hallarekstur ársins 2019 og rekstrarstaða ársins 2020 stefnir í um 100 m.kr. halla.

Í Byggðaáætlun, aðgerðaráætlun - A.04 er talað um þverfagleg landshlutateymi, að styrkja og auka heildstæða þjónustu á sviði félags- heilbrigðis- og menntamála. Það er ljóst að stórefla þarf geðheilsuteymi og þjónustu við fólk með geðrænan vanda með þverfaglegri samvinnu. Þau geðheilsuteymi sem nú hafa verið staðsett í hverjum landshluta eru langt fjarri því að dekkja þarfir þessa hóps. Heilsugæslan gæti aukið þjónustu við geðfatlaða með ráðningu sérfræðings til Hafnar á því sviði í gegnum geðteymi Suðurlands, það nýtist klárlega þegar róður fer að þyngjast meira hjá atvinnulausum.

Staðgengill sýslumanns á Hornafirði hefur lýst yfir áhuga á að taka að sér fleiri verkefni fyrir háskólamenntað starfsfólk sem mundi styrkja starfsemina enn frekar með öflugri mannaúð. Stofnanir í Nýheimum sem eru að hluta ríkisstofnanir geta bætt við sig verkefnum og starfsmönnum, eins og áður hefur verið komið inn á.

Vatnajökulsþjóðgarður hefur getað ráðið inn það starfsfólk sem fyrirhugað var að ráða fyrir sumarið vegna aukins fjárframlags frá ríkisstjórn í reksturinn. Mikil þörf er á uppbyggingu í Vatnajökulsþjóðgarðinum og tækifæri til þess nú þegar mun hægja á. Bæjarstjóri og framkvæmdastjóri þjóðgarðsins hafa verið með í undirbúningi verkefni tengt viðbragðsþjónustu í Örfum. Slysátíðni hefur verið að aukast á svæðinu samfara auknum fjölda ferðamanna, Vatnajökulsþjóðgarður, HSU og sveitarfélagið hafa rætt við ráðuneytið um fjármögnun viðbragðsteymis í Örfum sambærilegt og er til staðar í þjóðgarðinum á Þingvöllum. Með styrk frá ríkisstjórn væri hægt að koma verkefninu á af stað en síðar gæti það borgað sig upp með þjónustugjöldum í Vatnajökulsþjóðgarði tengt uppbyggingu á innviðum.

Matthildur Ásmundardóttir, bæjarstjóri Sveitarféluginu Hornafirði